

Mánudaginn 31. jan. 1927.

Nr. 76/1926.

Eyjólfur Ásberg
 gegn
H.f. Dvergur.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eyjólfur Ásberg, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 7. febr. 1927.

Nr. 2/1927. **Sigurður Sigurðsson og Jón H. Þorbergsson** (Björn P. Kalman)
 gegn

Búnaðarfjlagi Íslands (Pjetur Magnússon) **og atvinnumálaráðh. Magnúsi Guðmundssyni.** (Enginn).

Um lögmæti skipunar 2ja manna 15. maí 1926 í stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Úrskurður fúgetarjettar Reykjavíkur 6. jan. 1927: Hin umbeðna innsetningargjörð á ekki fram að ganga.

Dómur hæstarjettar.

Auk þess sem gjörðarbeiðandi í hjeraði, Sigurður Sigurðsson, hefir áfrýjað fúgetarjettarúrskurðinum til þess að fá hann feldan úr gildi og lagt fyrir fúgeta Reykjavíkur að framkvæma hina umbeðnu innsetningargjörð, þá hefir Jón H. Þorbergsson, bóndi á Bessastöðum, sem varamaður í stjórn Búnaðarfjelags Íslands einnig áfrýjað úrskurðinum sem meðal-

göngumaður og krafist þess, að forsendur úrskurðarins, að því er þær taka til varamannanna í stjórn búnaðarfjelagsins, verði úr gildi feldar og ennfremur, að með þessum dómi verði viðurkendur rjettur hans til þess að eiga sæti í stjórn búnaðarfjelagsins. En um þennan síðari lið kröfu meðalgöngumannsins hefir ekki verið úrskurðað af fógeta og hún önnur en krafa aðaláfrýjanda, og verður því ex officio að vísa þessum lið kröfunnar frá hæstarjetti

Atvinnumálaráðherra Magnús Guðmundsson, er einnig hefir verið stefnt fyrir hæstarjett, hefir ekki mætt eða látið mæta. En af hálfu hinna aðiljanna allra hefir verið mætt og er það sameiginleg ósk þeirra, að endanlegur dómur verði nú þegar lagður á málið að efni til.

Í 2. gr. jarðræktarlaganna 20. júní 1923 er svo ákveðið, að atvinnumálaráðherra skuli útnefna meiri hluta í stjórn Búnaðarfjelags Íslands meðan fjelagið fer með mál þau, sem því eru falin í lögnum. Samkvæmt þessu lagaákvæði útnefndi atvinnumálaráðherrann með brjefi dags. 25. apríl 1924 þá Tryggva Þórhallsson og Valtý Stefánsson sem aðalmenn í stjórn fjelagsins og tvo varamenn með þeim. Segir í skipunarbrjefinu, að þeir sjeu útnefndir »þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið«. Samkvæmt þessu orðalagi skipunarbrjefsins var skipunin ótímabundin, jafnt aðalmannanna sem varamannanna og var það edlilegt eins og á stóð og ekki í ósamræmi við 2. gr. jarðræktarlaganna. Atvinnumálaráðherrann hafði því óbundnar hendur um það hve lengi skipunin skyldi standa og gat breytt henni ef ástæður væru til. Þetta gjörði hann með nýju skipunarbrjefi dags 15. maí 1926, er hann samkvæmt tillögu landbúnaðarnefnda Alþingis skipaði Tryggva Þórhallsson og

Magnús Þorláksson í stjórn fjelagsins og tvo varamenn ásamt þeim, enda höfðu þeir Tryggvi Þórhallsson og Valtýr Stefánsson áður lýst því yfir, að þeir mundu sætta sig við að útnefning færi fram af nýju. Með þessari nýju útnefningu var eldri útnefningin, einnig útnefning varamannanna, feld úr gildi og verður því að lita svo á, að þeir Tryggvi Þórhallsson og Magnús Þorláksson hafi verið löglega kjörnir meðlimir stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, er þeir mættu á stjórnarnefndarfundi fjelagsins 19. maí f. á., þar sem ákvörðun var tekin um, að segja áfrýjanda Sigurði Sigurðssyni upp búnaðarmálastjórstöðunni. Og með því ennfremur að það er ekki vjefengt, að stjórn búnaðarfjelagsins hafi haft vald til að segja búnaðarmálastjóra upp stöðunni, þá verður þegar af þessum ástæðum og að öðru leyti með skirskotun til hins áfrýjaða fógetarjettarúrskurðar að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að áfrýjendur greiði stjórn Búnaðarfjelags Íslands málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 300 kr., og greiði Sigurður Sigurðsson þar af 200 kr. en Jón H. Þorbergsson 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Kröfu Jóns H. Þorbergssonar um að viðurkendum verði rjettur hans til að eiga sæti í stjórn Búnaðarfjelags Íslands vísast frá hæstarjetti.

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjendurnir greiði stjórn Búnaðarfjelags Íslands málskostnað fyrir hæstarjetti, Sigurður

Sigurðsson 200 kr. og Jón H. Þorbergsson 100 kr.
að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu hefir gjörðarbeiðandi, Sigurður Sigurðsson, búfræðingur hjer í bænum, beiðst þess, að hann með fúgetavaldi væri settur inn í skrifstofur Búnaðarfjclags Íslands í Lækjargötu nr. 14, hjer í bænum og honum veittur aðgangur að bókum fjclagsins og skjölum og öllum eignum þess, svo að hann geti fullnægt skyldum sínum sem búnaðarmálastjóri Búnaðarfjclags Íslands samkvæmt lögum þess. Byggir gjörðarbeiðandi þessa beiðni sína á því, að hann 7. ágúst 1923 hafi af þáverandi stjórn Búnaðarfjclagsins verið ráðinn búnaðarmálastjóri þess frá 1. s. m. að telja með sex mánaða uppsagnarfresti af þeggja hálfu og uppsögnin bundin við áramót. Launakjör búnaðarmálastjóra hafði Búnaðarþingið ákveðið og að öðru leyti var gjörðarbeiðandi ráðinn í stöðuna samkvæmt lagaákvæðum Búnaðarfjclagsins, og kveður hann sig þá þegar hafa tekið að starfa hjá fjclaginu. Hins vegar kveður gjörðarbeiðandi að ákveðið hafi verið á stjórnarfundi í Búnaðarfjclaginu 19. maí f. á. að segja sjer upp stöðunni frá 1. júní f. á. að telja, þó svo, að hann hjeldi umsömdum launum til síðustu áramóta. Lítur gjörðarbeiðandi svo á, að meiri hluti þeirra manna sem sögðu honum upp stöðunni sem búnaðarmálastjóra Búnaðarfjclags Íslands, hafi verið ólöglega kosnir og skipaðir í stjórn Búnaðarfjclagsins og því ekki bærir um að segja honum upp stöðunni; uppsögnin sje því markleysa og hann enn búnaðarmálastjóri samkvæmt ráðningunni frá 7. ágúst 1923, en þar sem honum hefir verið meinað að rækja starf sitt sem búnaðarmálastjóri og verið neitað um greiðslu launa frá 1. þ. m. að telja, sneri hann sjer til fúgetarjettarins 3. þ. m. og hefir framsett kröfu þá, er að framan greinir.

Settur búnaðarmálastjóri Búnaðarfjclags Íslands, Metúsalem Stefánsson og stjórn fjclagsins, þeir Tryggvi Þórhallsson, ritstjóri, Magnús Þorláksson, sjálfseignarbóndi á Blikastöðum í Mosfellsveit og Vigfús Einarsson, stjórnarráðsfulltrúi, sem gegnir stjórnarstörfum í fjclaginu sem varamaður Odds Hermannssonar, skrifstofustjóra í fjarveru hans, hafa mótmælt því að hin umbeðna innsetningargjörð nái fram að ganga.

Í 10. gr. laga Búnaðarfjelags Íslands, sem gengu í gildi 9. apríl 1923, er svo ákveðið um stjórn fjelagsins:

„Búnaðarþingið kýs einn mann og varamann í stjórn fjelagsins, en stjórnarráð Íslands skipar eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, tvo menn og varamenn í stjórnina. Kosningin gildir til fjöggra ára. Ganga stjórnarnefndarmennirnir úr stjórninni til skiftis. Annaðhvort Búnaðarþingsár vikur stjórnarnefndarmaður þess sæti, hitt Búnaðarþingsárið hinir stjórnarskipuðu nefndarmenn“.

Í sambandi við þetta ákvæði var svo fyrir mælt í „Ákvæðum til bráðabirgða“:

„Hlutkesti ræður hver eða hverjir stjórnarnefndarmenn ganga fyrst úr stjórninni (sbr. 10. gr.) og fer fram á Búnaðarþingi“.

Hinn 18. febrúar 1925 var sú breyting gerð á 10. gr. fjelagslaganna, að kjörtímabil stjórnarnefndarmannanna var fært niður í tvö ár og ákvæðin um úrgöngu nefndarmanna úr stjórninni voru feld burtu.

Ennfremur segir svo í 2. gr. jarðræktarlaga nr. 43/1923, sem öðluðust gildi 1. júlí s. á.:

„Meðan Búnaðarfjelag Íslands fer með mál þau, sem því eru falin í lögum þessum, útnefnir atvinnumálaráðherra meiri hluta í stjórn þess, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis“.

Með skírskotun til þessa lagaákvæðis og að fengnum tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis 1924 skipaði svo atvinnumálaráðherra þá ritstjórana Valtý Stefánsson og Tryggva Þórhallsson til að vera stjórnarnefndarmenn í Búnaðarfjelagi Íslands þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið, og þá Magnús Einarsson, dýralækni, og Jón H. Þorbergsson, bónda á Bessastöðum, sem varamenn þeirra í sömu röð og tilkynti stjórn Búnaðarfjelagsins þessa skipun í brjefi dags. s. d., sem lagt hefir verið fram í þessu máli í notarialiter staðfestu eftirriti. Hins vegar hafa sjálf skipunarbrjef manna ekki verið lögð fram í málinu, en það hefir ekki verið vjefengt, að þau hafi verið í samræmi við tilkynninguna til Búnaðarfjeldsstjórnarinnar.

Á Búnaðarþingi 14. febrúar 1925 var varpað hlutkesti um það, hvort hinn Búnaðarþingskjörni eða hinir tveir Alþingiskjörnu meðlimir stjórnar Búnaðarfjelagsins skyldu ganga úr fjelagsstjórninni og kom upp hlutur hins Búnaðarþingskjörna meðlims og kaus Búnaðarþingið fáum dögum síðar Odd Hermannsson, skrifstofustjóra í stjórnina af sinni hálfu, en varamann hans Vigfús Einarsson, stjórnarráðsfulltrúa.

Þar sem eigi var ákveðið kjörtímabil hinna stjórnskipuðu meðlima fjelagsstjórnarinnar, sneru þeir ritstjórnarnir Valtýr Stefánsson og Tryggvi Þórhallsson sjer í marsmánuði 1926 til landbúnaðarnefnda Alþingis, bentu þeim á vafann í þessu efni, og tjáðu sig fúsa til að sæta því, að þeir gerðu á ný tillögur um skipun stjórnskipuðu meðlima stjórnarinnar. Á þetta fjellust nefndirnar og atvinnumálaráðherra og 15. maí 1926 skipaði hann með skírskotun til 2. gr. jarðræktarlaganna og eftir tillögum nefndanna þá sjera Tryggva Þórhallsson, ritstjóra og Magnús óðalsbónda Þorláksson á Blikastöðum til að vera stjórnarnefna menn í Búnaðarfjlagi Íslands um næstu 2 ár og þá Jón H. Þorbergsson, óðalsbónda á Bessastöðum og Valtý Stefánsson, ritstjóra, sem varamenn þeirra í sömu röð og tilkynti stjórn Búnaðarfjelagsins skipunina í brjefi dagsettu sama dag, sem lagt hefir verið fram í málinu í staðfestu eftirriti.

Þessir menn, ásamt hinum Búnaðarþingskjörna stjórnarnefndarmanni eða varamanni hans, hafa síðan skipað Búnaðarfjelagsstjórnina og tóku á stjórnarnefndarfundi 19. maí þ. á. ákvörðunina um að segja gjörðarbeiðanda upp stöðu hans frá 1. júní f. á. að telja, þó svo, að honum yrðu greidd umsamin laun til áramóta.

Gjörðarbeiðandi lítur nú svo á, að menn þeir og varamenn sem skipaðir voru í stjórn Búnaðarfjelagsins af atvinnumálaráðherra 25. apríl 1924, hafi samkvæmt hinni hjer að framan tilgreindu 10. gr. búnaðarfjelagslaganna, eins og hún var þá, verið skipaðir til fjöggra ára. Tillögur landbúnaðarnefndar um nýja skipun og skipun atvinnumálaráðherra á mönnum í stjórnina 15. maí 1926 þegar V. St. og Tr. Þ. hættu störfum í stjórninni eftir skipuninni frá 25. apríl 1924, hafi verið ólögleg af því, að þá hafi varamenn þeirra, Magnús Einarsson og Jón H. Þorbergsson, átt að taka sæti þeirra í stjórninni og skipa hana þar til kjörtímabil þeirra væri á enda, árið 1928. Ný tilnefning og skipun hefði því aðeins getað farið fram, að varamennirnir hefðu einnig samtímis aðalmönnum lagt niður umboð sitt, eða sagt af sjer, eða þeim verið vikið frá, en því sje ekki þannig farið, og hefir hann lagt fram í málinu yfirlýsingu dags. 31. desember f. á. frá Jóni Þorbergssyni um það, að svo hafi ekki verið um hann. Telur gjörðarbeiðandi því meiri hluta þeirra manna sem Búnaðarfjelagsstjórnina hafa skipað síðan um miðjan maí síðastliðinn, hafa verið ólöglega í stjórnina kosna og skipaða, uppsögn stjórnarinnar á stöðu hans frá 19. maí f. á. því markleysu og sig enn

búnaðarmálastjóra Búnaðarfjelds Íslands samkvæmt ráðningunni frá 7. ágúst 1923.

Af hálfu gjörðarþola er því haldið fram, að fúgetarjetturinn sje ekki bær um að skera úr ágreingsefni þessa máls. Það sje víðurkent að atvinnumálaráðherra eigi að skipa meiri hluta stjórnar Búnaðarfjeldsins og að þeir Tr. Þ. og M. Þorl. hafi fengið skipunarbrjef frá honum 15. maí 1926, til þess að skipa stjórnina næstu tvö ár. Deilan sje því aðeins um það, hvort atvinnumálaráðherra hafi með skipuninni farið út fyrir embættistakmörk sín, en til þess að fá skorid úr því verði málið eftir hlutarins eðli að rekast fyrir hinum almennu dómstólum en ekki fyrir fúgetarjetti.

Á þetta verður þó ekki fallist.

Eftir 56. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Ísland frá 18. maí 1920 ber dómendum bæði rjettur og skylda til að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Eftir íslenskum lögum er fúgetavaldið einu þáttur dómvaldsins, sem eftir 2. gr. stjórnarskrárinnar er hjá dómendum. Orðið dómendur í 56. greininni ber því að skilja svo að þar til teljist allir liðir dómvaldsins, einnig fúgetavaldið.

Þá er því og haldið fram af hálfu gjörðarþola, að eftir 2. gr. jarðræktarlaganna sje atvinnumálaráðherra einráður um það, hvort hann skipi menn í Búnaðarfjeldsstjórnina til ákveðins tíma eða óákveðins og samkvæmt því hafi skipunin frá 25. apríl 1924 verið um óákveðinn tíma: „Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið“. Atvinnumálaráðherra sje á engan hátt bundinn við lög Búnaðarfjeldsins, sem sje innanfjeldssamþykktir, og geti á engan hátt breytt laudslögum (jarðræktarlögum). Landbúnaðarnefndir og ráðherra hafi því getað gert nýja skipun á Búnaðarfjeldsstjórninni þegar þeim kom saman um það eftir skipunina 25. apríl 1924 og sje því skipunin frá 15. maí 1926 í alla staði lögleg og uppsögnin frá 19. maí sömuleiðis, enda virðist gjörðarbeiðandi hafa litid svo á hingað til, því hann hafi engum mót-mælum hreyft gegn uppsögninni við Búnaðarfjeldsstjórnina í rúma 7 mánuði, sem á þeim rökum væru bygd, heldur hafi hann jafnan staðhæft að þær sakir væru ekki á hendur sjer, er rjettlættu uppsögnina. Hann hafi ekki hreyft neinum andmælum gegn skipun stjórnarinnar á síðasta aðalfundi fjeldsins, og loks hafi gjörðarbeiðandi að honum sjálfum viðstöddum og án andmæla frá hans hálfu verið kosinn þingmaður á Búnaðarþing á síðasta aðal-

fundu Ræktunarfjelags Norðurlands, en sú staða sje ósamrýmanleg búnaðarmálastjórstöðunni.

Rjetturinn verður nú að lita svo á, að atvinnumálaráðherra hafi viljað — hvort sem honum var það skylt eða ekki — samræma skipanir sínar í stjórn Búnaðarfjelagsins sem mest við lög fjelaglagsins og því hafi hann haft skipunina frá 25. apríl 1924 um óákveðinn tíma, en ekki um 4 ár, eins og 10. gr. búnaðarfjelagslaganna eins og hún var þá, mælti fyrir, því það hefði getað komið í bág við það ákvæði sömu greinar, að hinir stjórnskipuðu stjórnarmenn skyldu fara frá annað Búnaðarþingsárið, en Búnaðarþingskjörni stjórnarmaðurinn hitt og bráðabirgðar-ákvæði laganna um það, að hlutkesti á Búnaðarþingi skyldi skera úr, hvorir færu frá hvort Búnaðarþingsárið, því vel gat svo farið, að hlutur hinna stjórnskipuðu kæmi upp við hlutkestið, er ekki fór fram fyrri en á Búnaðarþinginu 1925, þótt sú yrði ekki raunin á, en þá hefði skipunin frá 25. apríl um 4 ára kjörtímabil komið beint í bág við hina sömu grein Búnaðarfjelagslaganna. Þetta virðist viðurkennt af umboðsmanni gjörðarbeiðanda sbr. þessi ummæli hans, er hann hefir látið bóka: „Ráðherra gat því ekki tiltekið kjörtímabil, þar sem ekki var vitað fyrirfram hvor hlutur kæmi upp“.

Atvinnumálaráðherra var því í sínum fulla rjetti og gat ekki annað gert, en að láta skipunina frá 25. apríl 1924, vera um óákveðinn tíma. En af því leiðir aftur, að þeir menn — aðalmenn eða varamenn — sem þá voru skipaðir, öðludust ekki við skipunina neinn rjett til að skipa stöðurnar neinn ákveðinn tíma — 4 ár eða annan —, heldur urðu að víkja, er ráðherra, eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda, skipaði aðra menn í stöðurnar.

Það var og næsta eðlilegt og sýnir vilja ráðherra og landbúnaðarnefnda til að samræma gjörðir sínar í þessu efni sem mest við Búnaðarfjelagslögin, að ný skipun færi fram af hálfu atvinnumálaráðherra í stjórnina vorið 1926, þegar menn þeir, sem skipaðir voru 25. apríl 1924 voru búnir að vera skipaðir í tvö ár, því þá var, eins og tekið hefir verið fram, búið að færa kjörtímabilið eftir 10. gr. Búnaðarfjelagslaganna, niður í tvö ár og og Búnaðarþingið búið að kjósa mann og varamann í stjórnina af sinni hálfu eftir því, og búið var að nema burtu það ákvæði úr greininni, að stjórnendurnir skyldu fara frá til skiftis.

En þótt gjörðarbeiðandi hefði rjett fyrir sjer í því, að skipunin frá 25. apríl 1924 hefði átt að gilda til 4 ára, þá fær rjett-

urinn ekki sjeð, að það hefði bætt aðstöðu hans í þessu máli að neinu leyti.

Varamennirnir hefðu þá að visu átt rjett á að taka sæti aðalmannanna í stjórninni, ef þeir þá hefðu látið af stjórnarstörfum — en í málinu eru ekki sönnur á það færðar gegn neitun gjörðarþola, að þeir hafi endanlega sagt störfunum af sjer, án tillits til þess, hvort ný skipun færi fram, eða ekki — en aðrir en þeir, hefðu engan rjett átt til þess að vjefengja hina nýju skipun, því skipunin frá 25. apríl 1924 myndaði ekki rjett fyrir aðra til þess að ákveðnir menn væru í stjórn Búnaðarfjelagsins kjörtímabilið út, en hina skipuðu menn. Og þann rjett sinn hefðu varamennirnir orðið að gera gildandi þegar eftir að þeim var orðin hin nýja skipun kunn, því að almannahagur krefst þess, að ekki leiki til lengdar vafi á því, hverjir eru löglegir stjórnendur stofnunar eins og Búnaðarfjelag Íslands er.

Rjetturinn fær því ekki betur sjeð, en að skipun atvinnu- málaráðherra í stjórnarstöðurnar í Búnaðarfjelagi Íslands 15. maí 1926 hafi verið fullkomlega rjettmæt, og menn þeir sem sögðu gjörðarbeiðanda upp búnaðarmálastjórastöðunni 19. s. m. því bærir um það. Og þar sem eigi hefir verið fundið annað að uppsögninni, en að hún hafi komið frá mönnum, sem ekki voru bærir um að segja stöðunni upp, verður ekki hægt að skoda gjörðarbeiðanda lengur sem búnaðarmálastjóra Búnaðarfjelags Íslands og þá ekki veita honum fógetaaðstöð til þess að vera settur inn í þá stöðu.

Miðvikudaginn 9. febr. 1927.

Nr. 79/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn

Karl H. Modersitzki (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveidabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. apríl 1926: Kæði Karl H. Modersitzki, á strax að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veidarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanbörðs í togaranum „Barmbeck“ H.C. 156 frá Cuxhaven, vera upp-